

## Fundargerð 546

Fimmtudaginn 20. febrúar 2025 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Óli Halldórsson (ÓH) formaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir (GHM), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Oddný Árnadóttir (OÁ).

Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Eliasson (AME) forstjóri, Erla Hrund Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 3), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Pétur Friðjónsson (PF) sérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 1), Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 1), Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 1 og 10-13), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Aflamark Byggðastofnunar
  - a) Val á samningsaðilum í Grímsey - til afgreiðslu
  - b) Val á byggðalagi (Flateyri) - til afgreiðslu
2. Forgangsröðun í ríkisrekstri - til afgreiðslu
3. Áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs - til kynningar
4. Skýrsla ábyrgðarmanns peningaþvættis - til kynningar
5. Skýrsla persónuverndarfulltrúa - til kynningar
6. Skipun persónuverndarfulltrúa - til afgreiðslu
7. Reglur um peningaþvætti – til afgreiðslu
8. Lánamál
  - a) Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
  - b) Málskot til stjórnar - til afgreiðslu
9. Brothættar byggðir
  - a) Framlenging verkefnis í Dalabyggð - til afgreiðslu
  - b) Framlenging verkefnis á Stöðvarfirði - til afgreiðslu
10. Óstaðbundin störf og erindi frá Breiðinni - til kynningar
11. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
12. Önnur mál

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

### 1. Aflamark Byggðastofnunar

#### a. Val á samningsaðilum í Grímsey - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð 41. fundar aflamarksnefndar, minnisblað sérfræðinga með tillögu um úthlutun, matsblað, bréf frá Byggðastofnun með ósk um umsögn á tillögu aflamarksnefndar, umsögn Akureyrarbæjar, minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs auk gagna frá forsvarsmönnum eða fulltrúum Sæbjargar ehf., AGS ehf. og Stertu ehf. sem SÁ kynnti.

Á fundi stjórnar Byggðastofnunar þann 21. nóvember sl. var samþykkt tillaga um að auglýsa eftir samstarfsaðilum í Grímsey um nýtingu á allt að 300 þorskígildistönnum af aflamarki Byggðastofnunar til næstu þriggja fiskveiðia ára, 2024/2025, 2025/2026 og 2026/2027 á grundvelli reglugerðar nr. 1256/2024 um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda án vinnsluskyldu skv. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Umsóknarfrestur rann út á hádegi 10. desember 2024. Fjórtán umsóknir bárust.

Lagt er til að þeim 300 þorskígildistönnum sem auglýst voru í Grímsey verði skipt með eftirfarandi hætti á milli þeirra tólf umsækjenda sem stóðust ákvæði reglugerðar um heimilisfesti í Grímsey:

- a. Að 120 þorskígildistönnum af aflamarki Byggðastofnunar verði úthlutað þannig að 10 þorskígildistönn komi í hluti hvers ofangreindra umsækjenda sem stenst ákvæði um heimilisfesti í Grímsey.
- b. Að 90 þorskígildistönnum af aflamarki Byggðastofnunar verði úthlutað á grundvelli fyrstu sex matsþáttanna í 2. gr. nr. 1256/2024.
- c. Að 90 þorskígildistönnum af aflamarki Byggðastofnunar verði úthlutað í hlutfalli við löndun viðkomandi fyrirtækis í Grímsey á tímabilinu 1. september 2018 til 31. ágúst 2024.

Á fundi aflamarksnefndar Byggðastofnunar 13. febrúar 2025 var samþykkt að leggja til við stjórn eftirfarandi úthlutun á allt að 300 þorskígildistönnum af aflamarki Byggðastofnunar í Grímsey fiskveiðia árin 2024/2025, 2025/2026 og 2026/2027:

- AGS ehf., Grímsey - 72.943 þorskígildiskíló
- Heimskautssport ehf., Grímsey - 44.686 þorskígildiskíló
- Hafborg ehf., Grímsey - 35.856 þorskígildiskíló
- Sæbjörg EA184 ehf., Grímsey - 35.684 þorskígildiskíló
- Stekkjarvík ehf., Grímsey - 27.067 þorskígildiskíló
- Gura ehf., Grímsey - 20.000 þorskígildiskíló
- Markafli ehf., Grímsey - 18.155 þorskígildiskíló
- Sarta ehf., Grímsey - 17.253 þorskígildiskíló
- Fiskmarkaður Grímseyjar ehf., Grímsey - 15.251 þorskígildiskíló
- Blíðfari ehf., Grímsey - 4.700 þorskígildiskíló
- Sæfinnur ehf., Grímsey - 4.331 þorskígildiskíló
- GunNes ehf., Grímsey - 4.074 þorskígildiskíló

Lagt er til að umsóknum Spes Seafood ehf., Suðurnesjabæ og Skíða EA 666 ehf., Akureyri verði synjað þar sem þau uppfylla ekki kröfu um heimilisfesti í Grímsey

Til máls tóku GH, HB, ÓH, RR, AME, HKH og HÁ.

Formaður bar upp ofangreindar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða.

- b. *Val á byggðarlagi (Flateyri) - til afgreiðslu*

Fyrir fundinum liggur minnisblað um val á Flateyri til úthlutunar á aflamarki Byggðastofnunar sem SÁ kynnti.

Á fundi aflamarksnefndar 13. febrúar 2025 var samþykkt að leggja til við stjórn að forstjóra verði falið að auglýsa eftir samstarfsaðilum vegna nýtingar á allt að 400 þorskígildistonn af aflamarki Byggðastofnunar vegna Flateyrar í Ísafjarðarbæ til næstu fimm fiskveiðirára. Það er fiskveiðirára 2025/2026, 2026/2027, 2027/2028, 2028/2029 og 2029/2030.

Enginn tók til máls.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

SÁ, RR og PF viku af fundi.

## **2. Forgangsröðun í ríkisrekstri - til afgreiðslu**

Fyrir fundinum liggur minnisblað ÓH sem eru drög að umsögn stjórnar Byggðastofnunar til forsætisráðuneytis um forgangsröðun í ríkisrekstri sem hann kynnti.

Til máls tóku KB, GH, OÁ, HB og HKH.

OÁ vék af fundi.

Samþykkt að starfsmenn bæti inn í umsögnina á grundvelli umræðna á fundinum og sendi stjórnarmönnum í tölvupósti áður en hún verði send til forsætisráðuneytisins.

Formaður gerði hlé á fundi milli kl. 9:55 og 10:05

## **3. Áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs - til kynningar**

EHP kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið. Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs 2024 sem EHP kynnti. Allar áhættur eru innan þeirra marka sem settar eru í áhættustefnu.

Til máls tók ÓH.

EHP vék af fundi.

## **4. Skýrsla ábyrgðamanns peningabættis - til kynningar**

Fyrir fundinum liggur skýrsla ábyrgðamanns peningabættis sem HÁ kynnti.

Enginn tók til máls.

## **5. Skýrsla persónuverndarfulltrúa - til kynningar**

Fyrir fundinum liggur skýrsla persónuverndarfulltrúa sem HÁ kynnti.

Enginn tók til máls.

## **6. Skipun persónuverndarfulltrúa - til afgreiðslu**

Fyrir fundinum liggur tillaga um skipun Hjalta Árnasonar forstöðumanns lögfræðisviðs sem persónuverndarfulltrúa stofnunarinnar.

Enginn tók til máls.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

## 7. Reglur um peningaþvætti - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur tillaga að breytingu á verkferlum um áreiðanleikakönnun sem byggja á reglum Byggðastofnunar um peningaþvætti sem HÁ kynnti.

Enginn tók til máls.

Formaður bar upp reglur Byggðastofnunar um peningaþvætti og voru þær samþykktar samhljóða.

## 8. Lánamál

### a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 2/25-6/25 sem HP reifaði.

Til máls tóku HB, ÓH, KB, AME og HP.

Ákveðið að taka umræðu um lánamál á fundi stjórnar í mars.

### b. Málskot til stjórnar

...

## 9. Brothættar byggðir

### a. Framlenging verkefnis í Dalabyggð - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur erindi frá Dalabyggð þar sem óskað er eftir framlengingu á verkefninu DalaAuður auk minnisblað frá forstöðumanni þróunarsviðs sem SEÞ kynnti.

Lagt er til að tekin verði ákvörðun um framlengingu DalaAuðs um eitt ár, til loka árs 2026, til samræmis við breytt fyrirkomulag þar sem grunnsamningar um verkefni Brothættra byggða hafa verið lengdir úr fjórum árum í fimm.

Enginn tók til máls.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

### b. Framlenging verkefnis á Stöðvarfirði - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur erindi frá Fjarðabyggð þar sem óskað er eftir framlengingu á verkefninu Sterkur Stöðvarfjörður um tvö ár auk minnisblað frá forstöðumanni þróunarsviðs sem SEÞ kynnti.

Lagt er til að tekin verði ákvörðun um framlengingu Sterks Stöðvarfjarðar um eitt ár, til loka árs 2026, til samræmis við breytt fyrirkomulag þar sem grunnsamningar um verkefni Brothættra byggða hafa verið lengdir úr fjórum árum í fimm.

Enginn tók til máls.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

## 10. Óstaðbundin störf og erindi frá Breiðinni - til kynningar

SÁ kom á fundinn undir þessum dagskrárlíð. HB upplýsti um vanhæfi sitt til að fjalla um erindið þar sem hann situr í stjórn félagsins.

Fyrir fundinum liggur bréf frá Breiðinni Þróunarfélags auk minnisblaðs frá forstöðumanni þróunarsviðs sem SEÞ kynnti.

Til máls tóku GH og ÓH.

Stjórn felur starfsmönnum að svara bréfinu á grundvelli umræðu á fundinum.

### **11. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar**

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar sem SEÞ og AME kynntu.

Enginn tók til máls.

### **12. Önnur mál**

Formaður stjórnar spurðist fyrir um íbúðarhúsnæði Byggðastofnunar á Sauðárkróki.

AME upplýsti um stöðu húsnæðisins. Markmiðið væri að selja það.

### **13. Næsti fundur**

Næsti fundur er 27. febrúar nk. kl. 14:00 og er fjarfundur.

Fundur eftir það yrði 27. mars 2025 í Hrísey.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:40

Magnús Helgason, fundarritari

Óli Halldórsson

Guðný Hildur Magnúsdóttir

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Oddný Árnadóttir